



11. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 21. ágúst 2020 með fjarfundarbúnaði.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Gissur Jónsson (GJ), Gunnar Þór Gestsson (GP), Lárus B. Lárusson (LBL), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AlÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ og Kolbeinn Þorsteinsson (KÞ) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ.

Forföll boðuðu: Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK)

1. Fundur settur kl. 16:05.
2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
AlÞ gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
3. Fjármál – 6 mánaða uppgjör.
Yfirlit rekstrar lagt fram til kynningar.
4. Laugarvatn.
Farið yfir verkefni fram undan, stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra um allt að 750.000.- kr. útgjöld vegna framkvæmda við útisvæði, sbr. minnisblað.
5. Covid 19.
UMFÍ er í góðu samstarfi við Almannavarnir, ÍSÍ og sambandsaðila. Stjórn UMFÍ hefur áhyggjur af rekstri aðildarfélaganna í vetur og brottfalli iðkenda af fjárhagslegum ástæðum.
Framkvæmdastjórn falið að semja bókun og senda á hagsmunaaðila.
6. Verkefni nefnda 2019-2021.
16. Framkvæmdastjórnarfundargerð lögð fram til kynningar.
7. 43.sambandsráðsfundur – undirbúningur, skipulag.
Fundurinn verður á Hótel Geysi í Haukadal 24. október. AlÞ falið að finna fundarstjóra.
8. Önnur mál.
Ársáætlun stjórnar. HV og AlÞ falið að útbúa drög að áætlun ársins 2021.
Framkvæmdastjórn falið að kanna mögulega fundi með þingmönnum í kjördæmaviku Alþingis.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundi slitið kl. 17:43.